

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps.

1. gr.

Almenn ákvæði.

1.01 Gjaldskrá þessi er í samræmi við 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og einnig skv. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

1.02 Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu, sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um.

1.03 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar þess vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa, framkvæmda- og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

2.01 Fyrir byggingarleyfisgjöld skal greiða gjöld, sem hér segir:

Afgreiðslugjald við móttöku byggingarleyfisumsóknar	7.000 kr.
Auk þess greiðist gjald fyrir hvern m ³ , sbr. eftirfarandi flokkun:	

Óeinangraðar geymslur, skemmur, hlöður og haughús	45 kr./m ³
---	-----------------------

Aðrar byggingar, þ.m.t. íbúðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frístundahús, gripahús, bílskúrar, bílskýli, bátaskýli, veitinga- og gistihús	65 kr./m ³
---	-----------------------

Auk þess greiðist gjald fyrir hvern m ³ í nýbyggingu eða viðbyggingu	65 kr.
---	--------

2.02 Rúmmetragjald skv. gr. 2.01 reiknast af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST50, án svala og C rýma.

3. gr.

Þjónustugjöld.

3.01 Vegna annarrar þjónustu, sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld, sem hér segir:

	kr.
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	7.000
Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	25.000
Lokaúttekt	35.700
Fokheldisvottorð	19.000
Úttekt vegna meistaraskipta	25.500
Úttekt vegna byggingastjóranskipta	25.500
Gjald fyrir útkall, þegar verk reynist ekki úttektarhæft	7.000
Mæling lóðar	39.300
Mæling fyrir húsi á lóð	33.100
Tímabundin stöðuleyfi	10.000
Grenndarkynning minni háttar	11.300
Grenndarkynning meiri háttar	33.900

- 3.02 Vegna aðkeyprtar yfirferðar séruppráttta verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.
- 3.03 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu byggingarleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu byggingarleyfis.
- 3.04 Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis greiðast kr. 7.000 til 70.000 eftir umfangi. Gjaldið greiðist við afhendingu gagna.
- 3.05 Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaaðili allan kostnað af breytingunum.
- 3.06 Við útgáfu byggingarleyfis fyrir hús 40 m² og minna, greiðist að hámarki kr. 3.000 fyrir hvern m², vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda.

4. gr.

Framkvæmdaleyfi.

- 4.01 Fyrir framkvæmdaleyfi, ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar, sem hér segir:

	kr.
Afgreiðslugjald við móttöku framkvæmdaleyfisumsóknar	7.000
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	7.000
Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis	11.200

- 4.02 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
- 4.03 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra, en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning og úttektir vegna leyfisins, sem skylt er að framkvæma.
- 4.04 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfisins.

5. gr.

Förgunargjöld.

- 5.01 Förgunargjald gagnvart nýbyggingum verður sem hér segir:

Vegna byggingarafganga:	kr.
Förgunargjald pr. m ² nýbyggingar	45
Förgunargjald pr. m ³ nýbyggingar	45

6. gr.

Gjalddagi, lögveð.

- 6.01 Gjalddagi afgreiðslugjalda er við móttöku umsókna.
- 6.02 Gjalddagi leyfisgjalds er við útgáfu leyfis.
- 6.03 Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 6.04 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf, þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 6.05 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Verðlagsbreytingar.

7.01 Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu með grunnvísitölu 403,1 stig (apríl 2008). Gjöldin taka mánaðarlegum breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni. Skipulags- og byggingarfulltrúi skal í upphafi hvers mánaðar leggja fram endurskoðaðar fjárhæðir skv. gjaldskrá þessari, í samræmi við auglýsingar Hagstofu Íslands um hver byggingarvísitala er hverju sinni.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

8.01 Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Skorradalshrepps í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998, tekur gildi við birtingu.

8.02 Með samþykkt gjaldskrár þessarar fellur úr gildi, hvað Skorradalshrepp varðar, gjaldskrá byggðasamlags um skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis nr. 150/2003.

Grund í Skorradal, 11. júní 2008.

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2008